

Sjókayakar 2015

Keppnir til Íslandsmeistaratitils

Í upphafi árs var ákveðið að þrjár keppnir gæfu stig til Íslandsmeistaratitils á sjókayak. Keppnirnar voru:

- Reykjavíkurbíkar, um 10 km
- Hallarbíkarinn, um 6 km
- Hálfmaraþon, Nauthólsvík-Geldinganes

Stig voru gefin fyrir hverja keppni og skyldu allar þrjár keppnir telja hjá hverjum þátttakanda. Fylgt var sömu keppnisreglum og árið 2014.

Keppnisnefnd ársins 2015 var svo skipuð: Egill Þorsteins, Eymundur Ingimundarson, Bernhard Kristinn Ingimundarson og Helga Haraldsdóttir.

Reykjavíkurbíkar

Keppni um Reykjavíkurbíkarinn var haldin á Vorhátíð Kayakklúbbsins þann 9. maí 2015. Logn var fyrst um sinn en síðan gerði nokkra vindstrengi öðru hverju, hiti var um 7 °C þegar sólin lýsti en norðan næðingurinn var samt kaldur. Alls tóku 18 ræðarar þátt. Róið var réttsælis umhverfis Geldinganesið og þaðan róinn hringur umhverfis bauju í Blikastaðakrónni (hólmi var ekki hringaður). Það voru 14 ræðarar sem tóku þátt í 10 km róðri karla, þrettán kepptu í flokki ferðabáta og einn í flokki keppnisbáta. Sigurvegari í flokki ferðabáta varð Ólafur B. Einarsson (0:55:35). Í flokki keppnisbáta sigraði Gunnar Svanberg (0:56:30). Í 10 km róðri kvenna voru þrír þátttakendur og sigraði Björg Kjartansdóttir (01:13:10). Einn keppandi var í 3 km róðri, var einmana á sinni braut og lenti í því að finna ekki leiðina og varð því minna úr keppni en hugur stóð til.





Reykjavíkurbíkar, sigurvegarar í karlaflokki : Eymundur Ingimundarson, Gunnar Svanberg Skúlason, Sveinn Axel Sveinsson og Ólafur B. Einarsson.



Reykjavíkurbíkar, sigurvegarar í í kvennaflokki: Klara Bjartmarz (nr.2), Björg Kjartansdóttir (nr.1) og Erna Jónsdóttir (nr.3).

Hallarbikarinn

Félagar í Kayakhöllinni sáu um keppni um Hallarbikarinn laugardaginn 6 júní í Skeljanesi. Veður lék við keppendur. Reyndar blés um 8 m/s vindur að norðan sem bjó til öldulag sem hægði á keppendum en einhverjir lentu í smá basli við jafnvægið.

Þetta var í þriðja sinn sem keppnin var haldin en að þessu sinn var róinn 5,4 km hringur frá Skeljanesi, að innsiglingarbauju við Kópavogshöfn, að bauju við norðanvert Álftanes og til baka að Skeljanesi. Tíu karlar og tvær konur tóku þátt. Í flokki ferðabáta hjá körlum kepptu 6 og sigurvegari varð Ólafur B. Einarsson (31:32). Í flokki keppnisbáta hjá körlum kepptu 4 og hlutskarpastur varð Bernhard Kristinn Ingimundarson (34:00). Í flokki ferðabáta hjá konum voru tveir þátttakendur og sigurvegari varð Guðrún Jónsdóttir (54:42).



Sigurvegarar í keppni um Hallarbikarinn. Björg, Guðrún, Þorbergur. Sveinn Axel, Ólafur, Gunnar Svanberg og Kári

Hálfmararöð, Nauthólsvík-Geldinganes

Hálfmararöð, milli Nauthólsvíkur og Geldinganes, var haldið í þriðja sinn þann 30. ágúst 2015. Fyrirhugað var að hafa keppnina þann 29. ágúst en sökum veðurspár ákvað keppnisnefnd að fresta keppni um einn dag. Veður á keppnisdag var var logn, heiðskirt og sléttur sjór.

Átta kayakræðarar mættu til keppni, 5 í ferðabátaflokki karla, 2 í keppnisbátaflokki karla og 1 í ferðabátaflokki kvenna.

Róðrarleiðinni var skipt upp í tvo áfanga :

- Nauthólsvík - Grótta 8,15 km leggur. Þar var síðan 5 mín skyldustopp áður en haldið var í síðari áfangann,
- Grótta- Geldinganes, 13,9 km leggur. Alls var hálfmararönið 22,1 km róður.

Aðstæður í keppninni voru hagstæðar fyrir hraðskreiðari báta og fyrstu ræðarar voru allir á hraðskreiðum bátum og notuðu vængárar. Ólafur B. Einarsson sigraði í flokki ferðabáta hjá körlum (2:09:20). Eymundur Ingimundarson sigraði í flokki keppnisbáta karla (2:09:51). Björg Kjartansdóttir sigraði í flokki ferðabáta kvenna (2:40:44). Allir keppendur luku keppni.



Hálfmararönn, Nauthólsvík – Geldinganes, ræst í Nauthólsvík.



Sigurvegarnir í hálfmararönni. Björg, Ólafur, Þorbergur, Gunnar Svanberg, Eymundur og Sveinn Axel.

Íslandsmeistari í karlaflokki 2014.

Íslandsmeistari í karlaflokki varð Ólafur B. Einarsson, í öðru sæti varð Gunnar Svanberg Skúlason og Sveinn Axel Sveinsson varð í þriðja sæti. Meðfylgjandi tafla tilgreinir þá sem tóku þátt í keppnum í karlaflokki og stigagjöf í einstökum keppnum.

Karlaflokkur	Reykjavíkurbíkarinn		Hallarbíkarinn		Hálfmaraðon		Samtals stig
	Ferðab.	Keppnisb.	Ferðab.	Keppnisb.	Ferðab.	Keppnisb.	
Ólafur Einarsson	100		100		100		300
Gunnar Svanberg Skúlason		100		60		80	240
Sveinn Axel Sveinsson	60		80		80		220
Eymundur Ingimundarson	80					100	180
Þorbergur Kjartansson	45		60		60		165
Egill Þorsteins	36		50		50		136
Bernhard Kristinn Ingimundarson				100			100
Hilmar Erlingsson	50		45				95
Örlygur Steinn Sigurjónsson	40				45		85
Kári Jónsson				80			80
Ágúst Ingi Sigurðsson	29		40				69
Höskuldur Tryggvason				50			50
Guðmundur Breiðdal	32						32
Páll Reynisson	26						26
Edwin Zanen	24						24
Gísli H. Friðjónsson	22						22
Smári Ragnarsson	20						20

Íslandsmeistari í kvennaflokki 2015.

Íslandsmeistari í kvennaflokki varð Björg Kjartansdóttir. Í öðru sæti varð Guðrún Jónsdóttir og Klara Bjartmarz í því þriðja.

Kvennaflokkur	Reykjavíkurbíkarinn		Hallarbíkarinn		Hálfmaraðon		Samtals stig
	Ferðab.	Keppnisb.	Ferðab.	Keppnisb.	Ferðab.	Keppnisb.	
Björg Kjartansdóttir	100		80		100		280
Guðrún Jónsdóttir			100				100
Klara Bjartmarz	80						80
Erna Jónsdóttir	60						60



Íslandsmeistari í karlaflokki 2015, Ólafur B. Einarsson.



Íslandsmeistari í kvennaflokki 2015, Björg Kjartansdóttir.

Straumkayakar 2015

Á árinu 2015 var haldinn fyrsti RedBull- kostaði straumkayakviðburðurinn á Íslandi og fékkst góð þátttaka, þ.e Fire&Ice Creek race sem fór fram 20.júní á Öxnadalsheiði. Þessi keppni var ekki á vegum Kayakklúbbsins en var metnaðarfullt og flott framtak hjá þeim sem fyrir þessu stóðu. Kayakklúbburinn vill gjarnan skipuleggja keppnir á straumkayak en okkar vandi hefur verið að straumkayakfólk hefur ekki tekið mikinn þátt í starfi klúbbsins síðustu ár heldur iðkað sportið að mestu utan klúbbsins. Ánægjulegt er að sjá að fjöldi straumkayakfólks á landinu er nægjanlegur til að standa fyrir flottum viðburðum sem þessum og það er vísbending um að klúbburinn geti sótt í sig veðrið á þessum vettvangi.